




Confirmatio

Ferming er yfirleitt ein stóru stundanna í lífi fólks. Orðið ferming er dregið af latneska orðinu *confirmatio* sem þýðir staðfesting. Í kristinni fermingu staðfestir kirkjan þekkingu barnsins á kristindómi og þann vilja þess að hafa Jesú Krist til fyrirmyndar í lífi sínu.



Keflavíkurkirkja



Fermingar hafa verið við lýði á Íslandi frá því á 16. öld. Í íslensku þjóðkirkjunni ríkir sú hefð að unglingar fermist við lok 8. bekkjar og hljóti fræðslu veturinn sem þau eru 13–14 ára. Það er þó ekki algilt og mörg dæmi eru um að unglingar fermist ári fyrr, síðar eða jafnvel sem fullorðin fólk. Almenna reglan er sú að einstaklingur fermist ekki nema að hafa lokið fermingarfræðslu á vegum kirkjunnar en sú fræðsla fer formlega fram í

8. bekk. Á þeim aldri er gengið út frá því að fermingarbörnin hafi þroska til að taka afstöðu til fermingarinnar.



Skref í heim fullorðinna

Fermingar á Íslandi hafa breyst í áranna rás, umgjörðin hefur breyst með ári hverju og ólíkar hefðir eru innan hverrar fjölskyldu. Hér á Íslandi hafa fermingarveislur lengi verið við lýði þar sem deginum er fagnað með fjölskyldu og vinum og fermingarbarninu gefnar gjafir. Undanfarna áratugi hafa kransakökur, rjómatertur, brauðréttir og heilu hlaðborðin af mat gjarnan verið þungamiðja veislunnar og ljósmyndir orðið nauðsynlegur hluti þessara tímamóta og minninganna þeim tengdar.



Fermingin er vígsluathöfn ungmenna í samfélag fullorðinna. Með henni eru þau tekin í fullorðinna manna tölu. Slík vígsla er sennilega jafn gömul mannlegu samfélagi og athöfnin miðast við kynþroskaaldur. Samhliða vígslunni tekur einstaklingurinn

skref yfir í heim fullorðinna með vaxandi ábyrgð og skyldum. Í dag eru börn mun lengur börn en áður tíðkaðist, ef svo má segja. Þar kemur margt til eins og gjörbreytt lífsskjör fólks, aukin menntun og hækkun sjálfræðisaldurs.

Nú eru fermingar hérlandis einkum tvenns konar; trúarlegar eða veraldlegar (borgaralegar). Samhliða fermingunni eru fjölskylduhátíðir sem haldnar eru fermingarbarninu til heiðurs. Flestar eru fermingar innan þjóðkirkjunnar en mjög hefur fjölgað í öðrum trú- og lífsskoðunarfélögum undanfarna áratugi samhliða því að margir hafa flutt til landsins.

